

Prófundirbúningur í Grunnskólanum í Sandgerði

Lóa Björg Gestsdóttir
Deildarstjóri

1

Allir vilja standa sig vel



- ▶ Aðalatriðið er að gera eins vel og maður getur.
- ▶ Að vera vel undirbúin er besta veginestið í prófin.
- ▶ Próf er verkefni sem þú vinnur eins vel og þú getur.

Lóa Björg Gestsdóttir 9.5.2011

2

Undirbúningur



- ▶ Hafðu próftöfluna á vísum stað.
- ▶ Nauðsynlegt er að vita hvað á að læra fyrir hvert próf. Gátlistar.
- ▶ Skoðaðu hvort þú sért með allar bækur og verkefni sem þú þarft að nota.
- ▶ Finndu svör við gátlistanum frá kennara.

Lóa Björg Gestsdóttir 16.5.2011

3

Undirbúningur – frh.

- ▶ Gerðu áætlun um hvenær þú ætlar að læra fyrir prófin og hvar.
- ▶ Ef þú þarft hjálp við lærdóminn ekki hika við að leita eftir aðstoð t.d. til kennara, foreldra, ömmu og afa, systkina, vina eða annara.
- ▶ Hafðu skóladótið í röð og reglu.
- ▶ Vertu með strokleður, yddara og öll önnur áhöld sem þú þarft við hendina.



Lóa Björg Gestsdóttir 16.5.2011

4

Að læra fyrir próf



- ▶ Finndu góðan stað til að læra á, hafðu næði og gott loft, gott er að hafa vatnsbrúsa við hendina.
- ▶ Taktu vel eftir þegar kennarinn fer yfir efnið og talar um hvað er mikilvægt. Skrifðu það niður eða merktu við í bókinni.
- ▶ Þegar þú lærir heima skaltu skoða hvað marga kafla eða blaðsíður þú átt að lesa og skipuleggja þig eftir því.

Lóa Björg Gestsdóttir 16.5.2011

5

Að læra fyrir próf– frh.



- ▶ Reyndu að einbeita þér og taktu vel eftir því sem þú lest.
- ▶ Reyndu að átta þig á hver eru aðalatriðin.
- ▶ Mikilvægt er að rifja upp öðru hvoru. Ekki bara daginn fyrir prófið.
- ▶ Fáðu einhvern til að hlýða þér yfir.
- ▶ Mikilvægt er að taka smáhvíld inn á milli.

Lóa Björg Gestsdóttir 16.5.2011

6

Próf á morgun?



- › Farðu snemma að sofa. Þér gengur mun betur ef þú ert vel úthvöld/ur.
- › Settu allt sem þú þarft að hafa með þér í töskuna um kvöldið.
- › Vertu ákveðin/n í að gera eins vel og þú getur.
- › Ekki vakna of snemma til að fara að lesa, allt sem þú ert búin að gera er nóg.

Láa Björg Geatsdóttir 16.5.2011

7

Að morgni



- › Vaknaðu góðum tíma fyrir próf svo þú þurfir ekki að flýta þér of mikið.
- › Borðaðu góðan og hollan morgunmat.
- › Hafðu með þér hollt nesti.
- › Hafðu með þér vatnsbrúsa eða safu til að hafa í prófinu.

Láa Björg Geatsdóttir 16.5.2011

8

Í prófinu

- › Byrjaðu á því að merkja prófið.
- › Taktu vel eftir leiðbeiningum.
- › Lestu allar spurningar vel.
- › Réttu upp hönd ef þú þarft útskýringar.
- › Vertu róleg/ur, hugsaðu þig vel um en haltu vel áfram.



Láa Björg Geatsdóttir 16.5.2011

9

Í prófinu –frh.

- › Ef þú getur ekki svarað spurningu skaltu geyma hana og halda áfram.
- › Reyndu alltaf að svara. Betra er að giska á svarið en sleppa.
- › Farðu vel yfir áður en þú skilar og athugaðu hvort þú gleymdir nokkru.



Láa Björg Geatsdóttir 16.5.2011

10

Gangi þér sem allra best

- › Vertu jákvæð/ur og hugsaðu:
„Ég get þetta. Ég geri eins vel og ég get“.
- › Mundu þú ert frábær!



Láa Björg Geatsdóttir 16.5.2011

11